

HUNDASAMNINGUR

Hundurinn _____, Örmerki: _____ og
manneskjan (fjölskyldan) _____ gerum með okkur þennan samning.

Ég lýsi mig reiðubúinn til að vera ávallt sætur, krúttlegur og skapgóður hundur, bíða þolinmóður heima meðan þú ferð í vinnu og ganga þrifalega um heimilið eftir því sem mér er kennt.

Ég lofa að bíta engan (nema í nauðvörn) og lýsi mig reiðubúinn til að læra ýmsar skipanir og hundakúnstir á borð við sitja, liggja, ganga á hæl og að heilsa með framloppu.

Þú ábyrgist:

- Að skrá mig svo ég sé löglega skráð(ur) og eigi lágmarks lífrétt.
- Þú lætur ormahreinsa mig og bólusetja eins oft og dýralæknir tiltekur.
- Þú lærir, hvernig megji kenna mér hlýðni og hundakúnstir og hvernig best sé að umgangast mig.
- Þú ábyrgist að fái ég sjúkdóma, beinbrot eða skemmdar tennur fái ég viðeigandi læknismeðferð.
- Þá skaltu tryggja mig gegn slysum og sjúkdómum hjá traustu tryggingafélagi.
- Þú ábyrgist að ég fái að lifa mínu náttúrulega lífi til eins hárrar elli og hægt er og útvegar heilbrigðissþjónustu eftir atvikum.
- Þú skuldbindur þig til að fara með mig í daglegar gönguferðir í hverfinu og að ég komist oft á dag út að gera þarfir mínar.
- Þú tryggir að ávallt sé boðið ferskt drykkjarvatn og vandaður og helst vottaður hundamatur sem tryggi heilbrigði mitt og vellíðan.
- Ávallt skal hafa mig merkta(n) með hálsbandi og nafnspjaldi og þú hefur mig ekki lausan við umferðargötur né heldur úti í garði þar sem börn gætu komið og potaði í mig (svo ég neyðist ekki til að verja mig).
- Úttvega skal mjúkt bæli þar sem ég get kúrt daga og nætur. Hafa skal tiltækt öryggisbúr handa mér til að kúra í þegar enginn er heima og einnig í bílnum ef þú kemur því við. Sé ekki við komið öryggisbúri í bílinn skal úttvega hunda-öryggisbelti í staðinn (leiðist mér einsömlum í bíl hef ég rétt til að naga og skemma svo mælt er með öryggisbúri).

Komi upp vafa- eða ágreiningsatriði vegna samnings þessa skal kalla til þriðja aðila, s.s. hundaþjálfara eða dýralækni, til að skera úr um deiluefni okkar á milli. Komi í ljós viðbótar þættir sem ættu að falla undir þennan samning skal velferð míni hafa mest vægi við úrskurð.

Staður og dags. _____

Vottur að undirritun. _____